

Alþingi
Erindi nr. P 136/1475
komudagur 25.3.2009



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. mars 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að bregðast við fjárhagsvanda heimila og atvinnulífs (419. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér 18 atriða aðgerðalista fyrir ríkisstjórnina að útfæra og koma til framkvæmdar.

Þingsályktunartillaga þessi er lögð fram til að bregðast við bráðavanda íslenskra heimila og fyrirtækja. Lagðar eru til átján aðgerðir sem ætlað er að styðja við atvinnulífið og flýta þannig fyrir því að íslenska hagkerfið komist á braut varanlegrar endurreisnar. Viðskiptaráð Íslands fagnar þessari tillögu enda hefur ráðið mánuðum saman talað fyrir mikilvægi skjótra og markvissra viðbragða af hálfu hins opinbera. Reynsla annarra ríkja sem lent hafa í álíka efnahagsáföllum og nú ríða yfir íslenska þjóðarbúið sýnir að skjót viðbrögð hins opinbera eru mikilvægasti einstaki þátturinn í endurreisn hagkerfa. Hingað til hefur nokkuð vantað upp að hægt sé að tala um skjótar og markvissar aðgerðir af hálfu hins opinbera en vonir standa til þess að tillaga þessi boði breytingar í þeim efnum.

Viðskiptaráð er í meginatriðum sammála þeim aðgerðum sem lagðar eru til í tillögunni. Raunar hefur ráðið ítrekað kallað eftir fjölmörgum af þessum sömu aðgerðum í ræðu og riti allt frá því að stærsti hluti fjármákerfisins fór í prot í október á síðasta ári. Það er því ánægjulegt að sjá að baráttumál Viðskiptaráðs skuli að talsverðu leyti hafa ratað inn í þessa tillögu.

Hér er að neðan gefur að líta stutta umfjöllun um sérhverja aðgerð sem tillaga þessi felur í sér.

1. *Vextir verði lækkaðir í samráði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.*

Viðskiptaráð hefur ítrekað kallað eftir vaxtalækkun enda ljóst að atvinnulífið getur ekki staðið undir núverandi vaxtastigi. Vaxtalækkun myndi auðvelda rekstur fyrirtækja og léttu á greiðslubyrði heimila, auk þess sem hún styrkir rekstrargrundvöll fjármálastofnana. Nýleg viðhorfskönnun Viðskiptaráðs staðfestir þetta, en mikill meirihluti aðildarfélaganna, sem eru fyrirtæki úr öllum geirum atvinnulífsins, sögðu vaxtalækkun vera þá aðgerð sem væri atvinnulífinu einna mest til bóta. Nú virðast auk þess vera raunverulegar forsendur til þess að lækka vexti þar sem ákveðinn stöðugleiki hefur myndast á gjaldeyrismarkaði og

verðbólguvæntingar til næstu missera eru mjög hóflegar. Nánari upplýsingar um þetta efni má m.a. finna í skoðun Viðskiptaráðs *Afnám hafta og lækkun vaxta* frá 6. febrúar síðastliðnum.

2. *Lífeyrissjóðum verði veitt heimild til gjaldeyrisviðskipta.*

Mikilvægt er að rýmka heimildir lífeyrissjóða til stunda gjaldeyrisviðskipti til að auðvelda þeim að selja erlendar eignir og/eða skipta á erlendum eignum sínum og innlendum eignum erlendra aðila. Lífeyrissjóðirnir eru eingöngu með skuldbindingar í íslenskum krónum, og eignaskiptasamningar af þessu tagi gætu skilað þeim verulega hárrí ávöxtun í íslenskum krónum. Ef vilji er fyrir hendi fyrir slíkum viðskiptum af hálfu lífeyrissjóðanna ættu stjórnvöld, sérstaklega Seðlabanki, að liðka fyrir eignaskiptum af þessu tagi. Nánari upplýsingar um þetta efni má m.a. finna í skoðun Viðskiptaráðs *Afnám hafta og lækkun vaxta* frá 6. febrúar síðastliðnum.

3. *Samið verði við erlenda eigendur krónueigna.*

Brýnt er að semja við erlenda eigendur krónueigna þar sem óvissa um þau mál er meðal þess sem staðið hefur í vegi fyrir afnámi gjaldeyrishafta, en höftin koma illa við rekstur fjölmargra innlendra fyrirtækja og bitna þannig á samkeppnishæfni atvinnulífsins í heild. Viðskiptaráð hefur lagt til tvær leiðir í þessu sambandi. Önnur leiðin er fólgin í því að erlent fjármagn verði losað með eignaskiptum og þar geta lífeyrissjóðirnir gegnt lykilhlutverkið. Þess vegna skal það ítrekað, eins og í 2. punkti hér að ofan, að stjórnvöld, sérstaklega Seðlabanki, verða að liðka fyrir eignaskiptum af þessu tagi, m.a. með auknum heimildum sjóðanna til að stunda gjaldeyrisviðskipti.

Önnur leið er að semja við erlenda eigendur innlendra peningalegra eigna um að fé þeirra verði losað á nokkrum árum í samræmi við endurgreiðslugetu landsins. Hér kemur til greina að ríkið eða aðrir innlendir aðilar gefi út skuldabréf í erlendri mynt, sem erlendir aðilar fengju í skiptum fyrir innlendar eignir sínar. Skilmálar skuldabréfanna yrðu ákveðnir í samráði við erlendu aðilana, en heppilegast væri að þau yrðu til a.m.k. nokkurra ára. Með þessum hætti myndu erlendir aðilar losna út úr stöðum sínum og fá andvirðið greitt í erlendri mynt samkvæmt skilmálum skuldabréfsins. Þrýstingurinn á gengi krónunnar yrði mun minni með þessu móti þar sem greitt væri fyrir eignirnar í skrefum. Nánari upplýsingar um þetta efni má m.a. finna í skoðun Viðskiptaráðs *Afnám hafta og lækkun vaxta* frá 6. febrúar síðastliðnum.

4. *Settur verði á fót uppboðsmarkaður með krónur.*

Tillagan um að lífeyrissjóðir, erlendir aðilar og ríkið fái aðgang að sérstökum uppboðsmarkaði með krónur er í sjálfu sér ágæt, en tilgangurinn virðist fyrst og fremst vera að gefa erlendum aðilum sem eiga krónueignir kost á að losna úr stöðum sínum. Þessi aðgerð á því margt skylt við 2. og 3. atriði hér að ofan.

Aftur á móti er ekki augljóst að takmarka ætti þátttöku á þessum uppboðsmarkaði við ríkið, lífeyrissjóði og erlenda aðila. Aðrir innlendir aðilar, t.d. fjárfestar og fyrirtæki, kynnu að vilja taka þátt í þessum uppboðum í von um að næla sér eignir á hagstæðu verði. Fleiri þátttakendur þýðir dýpri og skilvirkari markaður, og þar af leiðandi traustari og eðlilegri verðmyndum á markaðinum.

5. *Lokið verði við stofnun nýju bankanna fyrir 1. apríl 2009.*

Brýnt er að endanlegur efnahagur nýju bankanna liggja fyrir sem fyrst og bankastarfsemi í landinu, einkum gagnvart fyrirtækjum, geti farið fram með eðlilegum hætti. Í dag eru fyrst og fremst þrjú atriði sem standa í vegi fyrir að svo megi verða.

Í fyrsta lagi þarf að ljúka samningum vegna erlendra innstæðutrygginga. Órói vegna þessara mála skapar bönkunum talsverða erfiðleika í samskiptum við erlendar lánastofnanir og torveldar þeim þannig að endurreisa erlent lánstraust sitt. Í öðru lagi er brýnt að ljúka sem allra fyrst samningum við kröfuhafa gömlu bankanna um uppgjör á þrotabúum þeirra, en reynsla allra þjóða sem lent hafa í fjármálakreppu af því tagi sem nú er á Íslandi er að aðgengi að alþjóðlegri greiðslumiðlun verður ekki öruggt fyrr en slíkir samningar hafa náðst. Í þriðja lagi þarf að hraða endurmati á þeim eignum sem færast frá gömlu bönkunum til þeirra nýju og eiginfjárframlagi ríkissjóðs til nýju bankanna. Þangað til það verður geta bankanna til að sinna verkefnum sínum, t.d. í útlánum, afar takmörkuð. Nánari upplýsingar um þetta efni má m.a. finna í skoðun Viðskiptaráðs *Endurreisn í samstarfi við alþjóðasamfélagið* frá 17. febrúar síðastliðnum.

6. *Kröfuhafar fá hlut í nýju bönkunum.*

Viðskiptaráð hefur lengi kallað eftir því að erlendir kröfuhafar gömlu bankanna kæmu að rekstri nýju bankanna sem hluthafar. Þetta væri heppilegt út frá samkeppnissjónarmiðum þar sem hið opinbera yrði ekki eini eigandi nýju bankanna og þar af leiðandi væri komist hjá einokunarstöðu þess í innlendra bankastarfsemi. Auk þess er líklegt að erlent eignarhald myndi styrkja trúverðugleika íslenska fjármálakerfisins á alþjóðavísu og greiða þannig fyrir aðgengi að erlendu fjármagni, sem getur reynst ómetanlegt í því uppbyggingarstarfi sem framundan er. Nánari upplýsingar um þetta efni má m.a. finna í skoðun Viðskiptaráðs *Aðgerðir í þágu atvinnulífs* frá 19. nóvember síðastliðnum.

7. *Unnið verði að sameiningu og endurskipulagningu banka og fjármálastofnana.*

Um leið og stærð og starfsemi nýju bankanna liggur endanlega fyrir, og þegar samningar um þrotabú gömlu bankanna verða í höfn, blasir við það verkefni að draga úr umsvifum hins opinbera í fjármálastarfsemi. Til lengri tíma er ótækt að ríkið fari með eignarhald og rekstur þriggja stærstu viðskiptabanka landsins. Þess háttar fyrirkomulag væri mjög vafasamt út frá samkeppnissjónarmiðum auk þess sem hætt er því að það kæmi niður á trúverðugleika fjármálakerfisins út á við.

Viðskiptaráð telur heppilegast, eins og bent er á í 6. punktinum hér að ofan, að reynt verði að koma nýju bönkunum að einhverju leyti í hendur erlendra aðila. Takist það ekki þarf að leita leiða til að koma þeim í hendur annarra en ríkisins sem fyrst. Hljóta stjórnvöld í þeim efnum að horfa til þess að ná fram dreifðri eignaraðild í gegnum íslenskan verðbréfamarkað þar sem reynslan, reglurnar og gagnsæið er. Verði ekki einlægur pólitískur vilji fyrir því er ljóst að sameina þarf ríkisbankanna í hagræðingarskyni, enda ekki hagkvæmt út frá rekstrarlegum forsendum að hið opinbera starfræki þrjá stóra banka.

8. *Ríkið ábyrgist lán til skamms tíma á milli banka.*

Viðskiptaráð telur heppilegra að leita annarra leiða en ríkisábyrgðar til að koma millibankamarkaðinum aftur í gang. Millibankamarkaður mun ekki starfa eðlilega fyrr en víðtæk gjaldeyrishöft verða afnumin. Allar aðgerðir ættu því að miða að því að létta á þeim höftum. Í þessu sambandi er brýnt að leggja áherslu á að losa erlenda eigendur út úr stöðum sínum í íslenskum krónum, sbr. 2. og 3. tillögu.

9. *Peningamagn í umferð verði aukið.*

Viðskiptaráð telur ekki heppilegt að auka peningamagn í umferð á þann hátt sem lagt er til. Ein og sér er sú aðgerð til þess fallin að skapa verðbólguþrýsting sem tefur vaxtalækkunarferlið og setur þrýsting á gengi krónunnar, sem aftur gæti tafið fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Lækkun vaxta er heppilegri leið til þess að örva hagkerfið við núverandi aðstæður.

10. *Veitt verði heimild til skráningar hlutafjár í erlendri mynt.*

Að veita fyrirtækjum heimild til að skrá hlutafé í erlendri mynt er til þess fallið að styrkja íslenskan fjármagnsmarkað. Fyrirkomulagið styður við erlenda fjárfestingu en þjóðin þarf á erlendu fjármagni að halda í því uppbyggingarstarfi sem framundan er. Hvað þetta varðar þá skiptir einnig sköpum að fyrirtækjum verði gert kleift að færa uppgjör sitt í erlendum gjaldmiðli – án afskipta hins opinbera. Nánari upplýsingar um þetta efni má m.a. finna í skoðun Viðskiptaráðs *Uppgjör í erlendum gjaldmiðli – eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar* frá 19. nóvember síðastliðnum.

11. *Gerð verði drög að fjárlögum til ársins 2012.*

Mikilvægt er að endanleg fjármögnunarpörf hins opinbera liggi fyrir sem fyrst og raunsæ drög að fjárlögum fram til ársins 2012 gætu reynst hjálpleg í þeirri viðleitni. Að þessu tilefni minnir Viðskiptaráð á mikilvægi þess að ríkisútgjaldastefna hins opinbera verði tekin til gagngerrar endurskoðunar á næstu misserum. Viðunandi árangur í fjármálum hins opinbera næstu árin mun ekki nást nema útgjöld hins opinbera verðu skorin niður svo um munar. Þar sem ríkisútgjöld hafa vaxtið mikið á undanförunum árum blasir við að talsvert svigrúm er til hagræðingar og niðurskurðar. Í stað þess að leggja áherslu á að fjárlög verði gerð mörg ár fram í tímann telur Viðskiptaráð heppilegra að setja markmið um útgjaldastefnu nokkur ár fram í tímann. Nánari upplýsingar um þetta efni má m.a. finna í skýrslu Viðskiptaráð *Útþensla hins opinbera: orsakir, afleiðingar og úrbætur* frá júní 2008.

12. *Komið verði á fót samráðsvettvangi með útflutningsfyrirtækjum og atvinnugreinum.*

Viðskiptaráð fagnar viðleitni til að gera íslenskan útflutningsiðnað samkeppnishæfari. Hins vegar er óljóst hvaða gagn gæti verið af samráðsvettvangi af því tagi sem fjallað er um í tillögunni. Auk þess þyrfti að gæta varúðar gagnvart samkeppnissjónarmiðum og hagsmunum annarra atvinnugreina, einkum og sér í lagi innflutningsgreina. Það sem skiptir íslensk útflutningsfyrirtæki, og raunar öll fyrirtæki sem stunda utanríkisviðskipti af einhverju tagi, mestu máli er framtíðarfyrirkomulag peningamála á Íslandi. Með því að leiða þau mál til lykta er

útflutningsgeiranum tryggt það umhverfi sem hann þarf á að halda til að vera samkeppnishæfur á alþjóðavísu.

13. Ríkið verði bakhjarl vegna fjármögnunar útflutnings.

Ekki má gleyma því að íslenskir innflytjendur eiga ekki síður í vanda hvað þessi mál varðar þar sem erlend greiðsluþryggingarfélag eru mörg hver hætt að tryggja greiðslur íslenskra fyrirtækja. Í stað þess að ríkið takið að sér hlutverk ábyrgðamanna tímabundið er heppilegra að einbeita sér að rót vandans, sem í þessu tilfeili eru m.a. víðtæk gjaldeyrishöft og alvarlegir trúverðugleikabrestir. Auk þess nýtur íslenska ríkið takmarkaðs lánstrausts á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og því er óljóst hvort mikið gagn hlytist af þessari ábyrgð. Þá eru óátalin þau vandkvæði sem fyrirkomulag af þessu tagi gæti skapað í tengslum við ríkisstyrkjareglur EES-samningsins.

14. Stutt verði við rannsókn- og þróunarstarf.

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að styðja við nýsköpun og frumkvöðlastarf. Við þær erfiðu aðstæður sem nú geysa í íslensku efnahagslífi er einnig afar mikilvægt að þeir einstaklingar sem fara af atvinnumarkaðinum hafi greiðan aðgang að námi óháð aldri og búsetu. Þetta á við um nám á öllum stigum. Fjárveitingar til menntamála ættu því ekki að vera á niðurskurðarlista stjórnvalda í ríkisútgjöldum. Því ber einnig að halda til haga að að vel er mögulegt að standa vörð um hátt menntastig án þess að lagðar séu auknar fjárhagslegar byrðar á ríkissjóð. Nánari upplýsingar um þetta efni má m.a. finna í skoðun Viðskiptaráðs *Aðgerðir í þágu atvinnulífs* frá 19. nóvember síðastliðnum.

15. Fasteignamarkaðurinn verði örvaður.

Viðskiptaráð tekur undir hugmyndir um að heimila yfirtöku lána við íbúðarkaup, sama hver lánveitandinn er. Sú aðgerð er til þess fallin að koma hreyfingu á fasteignamarkaðinn. Auk þess er sú aðgerð að afnema stimpilgjöld, sem er 16. aðgerðin á listanum, liður í því að örva fasteignamarkaðinn.

16. Stimpilgjöld verði afnumin.

Viðskiptaráð hefur lengi talað fyrir því að stimpilgjöld verði afnumin. Þau hafa nú verið afnumin að hluta til en fátt sýnist því til fyrirstöðu að umsvifalaust verði gengið alla leið í þessum efnum.

17. Skattar verði lagðir á eignir erlendis.

Sjálfsagt er að gefa einstaklingum kost á því að gefa upp erlendar eignir og greiða af þeim skatt innan ákveðins frests, líkt og fjallað er um í greinargerðinni. Ef rannsókn leiðir í ljós að einstaklingur hefur svikið undan skatti þá er einnig sjálfsagt að hann sæti viðurlögum við þeirri háttsemi. Fyrirsögn þessa atriðis er aftur á móti villandi, „Skattar verði lagðir á eignir erlendis“. Fyrirsögnin gefur þannig ekki til kynna að eingöngu sé um að ræða um þá sem hafa viljandi sleppt því að telja fram erlendar eignir sínar.

18. *Skuldir verði felldar niður að hluta til bjargar skuldsettum heimilum og fyrirtækjum.*

Fagna ber allri viðleitni til að styðja við heimilin og fyrirtækin í landinu. Ljóst er að skuldavandi þjóðarinnar er mikill, raunar svo mikill að óhjákvæmilegt er grípa til einhverra aðgerða til að létta á skuldabyrði, a.m.k. til skamms tíma. Viðskiptaráð hefur áður fjallað um alhliða niðurfærslu á skuldum heimila og fyrirtækja, t.a.m. í fyrrgreindri skoðun *Aðgerðir í þágu atvinnulífs*, og komst m.a. að þeirri niðurstöðu að þeirri aðgerð fylgdi talsverður tímasparnaður auk þess sem tryggt væri að flestir nytu góðs af slíkri aðgerð.

Einn helsti gallinn við hugmyndir um flata 20% niðurfærslu íbúðaskulda er sá að dreifni skulda er ákaflega mikil, a.m.k. af tölum Seðlabankans að dæma. Þannig er ljóst að sumir myndu fá miklu hærra niðurskrift en aðrir, sem vekur m.a. upp spurningar um sanngirnissjónarmið. Það er hins vegar frekar auðvelt að mæta slíku t.a.m. með því að kveða á um hámarks niðurfærslu í krónum talið.

Þá er einnig ljóst að allar hugmyndir um skuldaniðurfærslu þarf að útfæra í samráði við erlenda kröfuhafa, enda ljóst að þeirra hagsmunir í þessu máli eru miklir. Viðskiptaráð leggur áherslu á að hvaða leið sem farin verður í þessum efnum verði þjóðhagslegir hagsmunir hafði í fyrirrúmi.

Niðurlag

Af umfjölluninni hér að ofan er ljóst að Viðskiptaráð Íslands er í megindráttum sammála um þær aðgerðir sem lagðar eru til í tillögu þessari, með fáeinum undantekningum. Þó skal ítreka enn og aftur að skjót viðbrögð stjórnvalda við vandanum eru það mikilvægasta af öllu. Þó orð séu til alls fyrst þá skipta þau engu ef aðgerðir fylgja ekki, þar hefur pottur verið brotinn að undanfögnu. Vonir Viðskiptaráðs standa því til þess að margar þeirra aðgerða sem fjallað er um í tillögunni verði fylgt eftir, bæði fram að og eftir kosningar, hvort sem hún verður samþykkt af Alþingi eða ekki.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga að teknu tilliti til athugasemda ráðsins.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs